

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

227. tbl - 5. árg.

3. nóvember 2005



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR

-bakhjarl í byggð-

Lífleg byggingastarfsemi

Skóflustunga var tekin af nýju parhúsi sem byggja á fyrir íbúa Snæfellsbæjar, 60 ára og eldri. Það var Ólína Kristinsdóttir, fyrsti varaforseti bæjarstjórnar sem tók skóflustunguna en Ólína var einnig í undirbúningshóp að byggingu húsanna.

Þetta er annað húsið af tveimur sem byggja á við Engihlíð í Ólafsvík. Í áætlunum er gert ráð fyrir að fyrstu tvær íbúðirnar verði tilbúnar fullbúnar til afhendingar 1. september á næsta ári og seinni tvær íbúðirnar í desember sama ár.



Nú þegar eru komnar fjórar umsóknir um íbúðir en áfram verður tekið við um-

sóknum því að ráðgert er að byggja fleiri íbúðir ef áhugi er nægilegur.

Eins og fram kom í Jökli í síðustu viku þá er verið að byggja mikið á Hellnum, en það er víðar í sveitarfélaginu sem verið er að byggja. Á

Hellissandi eru nú þrjú einbýlishús í byggingu og af þeim eru tvö í nýju hverfi við Selhól.

Trésmiðjan Akur er þessa dagana að reisa einbýlishús á Arnarstapa sem er fyrsta einbýlishúsið sem reist er þar í 25 ár. Eigandi hússins er Ingi A Pálsson vélstjóri sem er að flytja aftur vestur eftir langa fjarveru. Einnig standa fyrir dyrum framkvæmdir í Snæfellsbæ þar sem ESK ehf hefur fengið úthlutað lóðum fyrir 8 parhús, 2 hús á Hellissandi, 3 hús á Rifi og 3 hús í Ólafsvík. Búið er að steypa plötu fyrir fyrra húsið á Hellissandi og byrjað er að vinna undirbúningsvinnu á Rifi og í Ólafsvík.

1400 tonn til Snæfellsbæjar

Undanfarið ár hafa útgerðir í Snæfellsbæ keypt til sín varanlegar afflaheimildir sem nemur u.þ.b. 1.400 þorskígildistonn, mestu munar um hlut útgerða sem gera báta út frá Rifi eða 1.100 þorskígildistonn.

Lesendur Jökuls hafa ekki farið varhluta af þeirri miklu bjartsýni sem ein-kennir útgerðarmenn í Snæfellsbæ. Nýir bátar hafa komið í hafnir sveitarfélags-

ins eins og af færibaldi, bæði eldri bátar og eins nýsmíðar að öllu leiti eða hluta.

Sömu sögu er að segja af fiskverkendum en eins og kunnugt er þá styttest í að nýtt húsnæði Klumbu verði tekið í notkun í Ólafsvík og á Rifi rís 2.300 fm fiskverkuarhúsnæði sem leysa mun eldra húsnæði KG fiskverkunar af hólmi síðari hluta næsta árs.



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggiltur-fasteigna- og skipasali sími 438-1199

VIRKIÐ
Byggingavörur

VEGNA BREYTINGA
verður byggingavörverslunin lokuð
í nokkra daga frá fimmtud. 3. nóv.

Opnum aftur við fyrsta tækifæri
stærri og betri verslun.

Virkið byggingavörur



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · Netf. bylgja@bylgja.is

Þjóðhátíðardagur Pólverja í Snæfellsbæ

Þann 11. nóvember er þjóðhátíðardagur Pólverja. Um 80 pólverjar eru hér í Snæfellsbæ og ætla þeir að mynnast dagsins með hátíð í Félagsheimilinu Klifi laugardaginn 12. nóvember nk kl 20.00. Margskonar atriði verða þar á dagskrá m.a. söngur, dans, tónlist og einnig verða sýndar ljósmyndir frá Póllandi. Að auki verður fjölbreyttur pólskur matur á boðstólnum.

Allir eru velkomnir á þessa hátíð bæði Pólverjar í öðrum bæjarfélögum á Snæfellsnesi og einnig bæjarbúar sem kynnast vilja menningu Pólverja. Til að vita þátttöku á hátíðina verða seldir miðar á

Klifi sunnudaginn 6. nóvember kl. 16.00 til 18.00 og er miðaverð kr 2500 sem er aðeins kostnaðarverð. Til gamans má geta þess að á þessu ári eru liðin 21 ár frá því að pólverji kom fyrst til Snæfellsbæjar til starfa en það var þegar Hrói hf í Ólafsvík lét smíða fiskiskipið Jökul SH 215 í Gdynja árið 1984.

Þeir sem skipuleggja þessa hátíð eru Zofia Mijal, Ursula Zyskowska, Katarzyna Mijal, Baldvin Leifur Ívarsson og Pétur S. Jóhannsson. Þeir sem vilja leggja þessu máli lið eru vinsamlega beðnir að snúa sér til einhvers ofanritaðs.

Góða skemmtun.

Dzień 11 listopada jest świętem Narodowym Polaków. Około 80 Polaków jest w Snæfellsbæ i to my upamiętniamy te święto w klubie Klifi w tą sobotę 12 listopada o godz.20. Odbędzie się różnego rodzaju pokazy między innymi: taniec, śpiew, muzyka oraz fotografie z Polski. Stół „szwedzki” bogaty w dania polskie.

W tym roku mija 21 rocznica przybycia pierwszego Polaka do Snæfellsbæjar. To było w tym czasie, gdy firma Hrói hf. w Ólafsvíku zleciła zbudowanie statku „Jökul” SH 215 w Gdyni.

Zapraszamy Wszystkich na te święto również polaków z innych miasteczek do Snæfellsbæ i oczywiście mieszkańców którzy chcą zapoznać się z kulturą polaków.

Sprzedaz biletów odbędzie się w „KLIFI” w niedzielę 6 listopada o godz.16 do 18 , cena biletów jedynie 2500 kr.(za osobę)

Organizatorami tego spotkania są: Zofia Mijal , Katarzyna Mijal , Urszula Zyskowska, Baldvin Leifur Ivarsson, Petur S. Johannsson.

Osoby które mają chęci wesprzeć grupę pomocą prosimy o kontakt z wyżej wymienionymi osobami.

Dobrej zabawy !

SMÁAR

Til sölu eða leigu

Grundarbraut 16, 77 fm., 3 herb.

Mikið endurnýjað. Uppl. í síma 840 8054 - Guðmundur

Lífið og tilveran

Kíktu á

<http://www.simnet.is/hippi/konnun.htm>

Bangsapotturinn

Í síðustu viku var Bangsavika á Bókasafni Snæfellsbæjar. Þá gafst börnum kostur á að koma með bangsann sinn í bókasafnið, hlusta á bangsasögur og lána safninu bangsann sinn, þau börn sem lánuðu safninu bangsa fengu nafnið sitt í pott sem dregið var úr. Þessi pottur fékk nafnið bangsapottur og þegar dregið var úr honum kom upp nafnið Annabella Arnald, Annabella er 4 ára, hún fékk að launum bangsa.

Börnum sem komu í bókasafnið þessa daga var gefinn kostur á að teikna bangsamyndir og voru þær settar í svokallaðann listapott. S.l. mánudag var ein-

nig dregið úr listapottinum og þar var dregin út Ida Tryggvadóttir.

Bókasafnið vill þakka öllum þeim sem lögðu leið sína á bókasafnið.



Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík

355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Brúin vígð



21. október s.l. var brúin yfir Kolgrafarfjörð formlega vígð. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra klippti á borða og opnaði þannig veginn formlega, honum til aðstoðar var Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri.

Með þessari brú styttist leiðin á norðanverðu Snæfellsnesi um 6 km. auk þess sem mikið er fengið með því

að þurfa ekki að aka um Kolgrafarfjörðinn sjálfann sem getur verið hið mesta veðravíti.

Verktakafyrirtækin Háfell og Eykt ehf. sáu um framkvæmd verksins og var veginn opnaður fyrir umferð haustið 2004 sem var u.þ.b. 6 mánuðum á undan áætlan.

Kvenfélag Ólafsvíkur 55 ára

Hið síunga Kvenfélag Ólafsvíkur er orðið 55 ára og hélt uppá afmælið á Hótel Ólafsvík þann 7 október sl. Komu konur saman og borðuðu hátíðarkvöldverð og skemmtu sér vel að vanda. Hinn eiginlegi afmælisdagur

er þann 19 júní. Kvenfélagið hefur látið til sín taka hér í bænum okkar í gegnum tíðina á ýmsan hátt.

Vissir þú, að það var Kvenfélagið sem hóf rekstur gæsluvalar og stofnaði leikskólann okkar? Vissir þú að

Kvenfélagið gaf alla bekkina í kirkjuna?

Kvenfélagið hefur styrkt heilsugæsluna, skólann okkar og komið að ýmsum þáttum sem ekki verður upp talið hér. Kvenfélagskonur hafa verið til fjölda ára ein af driffjöðrum í árlegu þorra-blóti okkar bæjarbúa og oft einu konurnar í nefndinni.

laginu þátt í sameiginlegu verkefni UNICEF og K.Í. Hittust félagskonur í safnaðarheimilinu nokkur kvöld og saumuðu dúkkur sem verða seldar í Reykjavík nú fyrir jólin. Allur ágóði af dúkkusölu rennur til menntunar stúlkna í Gineu-Bissá í Vestur-Afríku.

Næsti fundur félagsins er



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ - 146. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 3. nóvember 2005 og hefst hann í Félagsheimilinu Röst kl. 17:00.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 174. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 20. október 2005.
- 2) Fundargerð Pakkhússnefndar, dags. 27. október 2005.
- 3) Fundargerð 155. fundar skipulags- og byggingarnefndar, dags. 27. október 2005.
- 4) Fundargerð 7. fundar ráðgjafarnefndar Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, dags. 15. - 16. sept. 2005.
- 5) Fundargerð stjórnarfundar SSV, dags. 21. október 2005.
- 6) Fundargerð 728. fundar stjórnar SÍS, dags. 23. september 2005.
- 7) Fundargerð Framkvæmdaráðs Snæfellsness, dags. 27. september 2005.
- 8) Erindi frá bæjarstjóra, dags. 27. október 2005, varðandi ábyrgð Snæfellsbæjar vegna lántöku Jeratúns ehf.
- 9) Erindi frá Kvóta- og skipasölu, dags. 26. október 2005, varðandi forkaupsrétt að bát.
- 10) Bréf frá Samgönguráðuneytinu, dags. 14. október 2005, varðandi flugvöll á Dagverðará.
- 11) Bréf frá undirbúningsnefnd að Pólskum menningardögum í Snæfellsbæ, dags. 18. október 2005, varðandi styrk.
- 12) Bréf frá slökkviliði Snæfellsbæjar, ódags., varðandi bílamál o.fl.
- 13) Bréf frá Sýslumanni Snæfellinga, dags. 31. október 2005, varðandi kynningarfund um nýskipan lögreglumála.
- 14) Bréf frá Premium, dags. 14. október 2005, varðandi innheimtumál.
- 15) Bréf frá UST, dags. 21. október 2005, varðandi ársfund náttúruverndarnefnda og Umhverfis-stofnunar 2005.
- 16) Bréf frá Kaupfélagi Borgfirðinga, dags., 24. október 2005, varðandi tilboð í hlutafé hluthafa í Vesturland hf.
- 17) Fundarboð hluthafafundar Vesturlands hf.
- 18) Greinargerð frá ÍSOR, dags. 20. október 2005, varðandi jarðhitaleit í Snæfellsbæ.
- 19) Drög að verndaráætlun 2005-2015 fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul - áður sent.
- 20) Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2005.
- 21) Kosning aðalmanns í skólanefnd Snæfellsbæjar
- 22) Pakkhúsið - umræða
- 23) Minnispointar bæjarstjóra

Snæfellsbæ, 1. nóvember 2005

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar



Kvenfélagið kom á fót hinni ómissandi aðventuhátíð sem markar hjá mörgum upphaf jólaundirbúnings og hefur ágóði af þeirri hátíð ævinlega runnið til safnaðarheimilisins. Sl. vor tóku konur í fé-

mánudaginn 7. nóv. og eru allar konur velkomnar og hvattar til að koma. Það verður tekið vel á móti ykkur.

Kveðja, stjórn K.Ó.



Bíll til sölu

Musso Grand Lux
Árgerð 1999, beinskiptur,
diesel, upphækkaður.

Uppl. í síma 436 1217



SNÆFELLSBÆR

Nýtt símanúmer 433 6900 - Nýtt faxnúmer 433 6901



Ólafsvíkurkirkja
SUNNUDAGINN
6. nóvember

GUÐSPJÓNUSTA

KL. 20:00

SUNNUDAGASKÓLI

kl. 11:00

Söngur, sögur, gleði og gaman...

Öll börn hvött til að mæta!



SNÆFELLSBÆR
...þar sem fókulinn ber við lofi...

AÐSETURSSKIPTI



Með tilvísan til laga nr. 73/1952 um aðsetursskipti er hér með vakin athygli á þeirri skyldu að tilkynning um flutning á árinu 2005 þarf að berast bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar.

Athygli er vakin á því að um leið og einstaklingar flytja sitt lögheimili þarf einnig að tilkynna um flutning á fyrirtækjum sem geta átt lögheimili á sama stað.

Flutningstilkynningar fást á skrifstofu Snæfellsbæjar á Hellissandi.

Bæjarritarinn í Snæfellsbæ



SUNDLAUGIN Í ÓLAFSVÍK

Í dag hefst vetrarfrí hjá grunnskólabörnum og viljum við minna ykkur á að þá verður sundlaugin opin fyrir almenning sem hér segir:

Fim., fös. og mán.

8:00-20:00

Laugardag

13:00-17:00

Sundæfingar á vegum umf. Víkings / Reynis
fellur niður þessa vetrarfrísdaga.

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi
og starfsfólk.